

Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2021

Greinargerð með frumvarpi



FRUMVARP AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN GARÐABÆJAR ÁRIÐ 2021

1. Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021 er nú lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Garðabæjar 19. nóvember 2020 í samræmi við samþykkt ferli við afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunin var lögð fram í bæjarráði 17. nóvember 2020 og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig 2. mgr. 40. gr. um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013. Umsókn Garðabæjar um heimild sem ráðuneyti sveitarstjórnarmála veitti um frestun á framlagningu fjárhagsáætlunar um allt að einum mánuði var samþykkt.

Gert er ráð fyrir að síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar verði í bæjarstjórn Garðabæjar þann 3. desember 2020. Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2022, 2023 og 2024.

Forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar voru lagðar fram í bæjarráði 8. september sl.

Kórónuveirufaraldurinn hefur reynst þrálátari en vonir stóðu til eftir fyrstu bylgju faraldursins. Í byrjun október var hert verulega á sóttvarnaaðgerðum og eru þær nú harðari en þær voru í fyrstu bylgju faraldursins. Afleiðing þessa er að heil atvinnugrein ferðapjónustu og tengdar greinar eru sem næst lamaðar og afleidd áhrif gætir í öllum greinum þjóðarbúskaparins. Sóttvarnaaðgerðir hafa sett stórt strík í starfsemi fjölmargra fyrirtækja með gríðarlegum efnahagslegum áhrifum. Fyrir vikið er mikil óvissa um þróun efnahagslífs á næstu mánuðum og árum. Um 80% af tekjum Garðabæjar eru útsvar og því eru miklir hagsmunir í húfi að hjól atvinnulífsins fari að snúast eðlilega. Efnahagshorfur á næsta ári ráðast því að miklu leyti af þróun heimsfaraldurs Covid-19. Vinnist bugur á veirunni fljótlega á næsta ári má ætla að ferðapjónustan muni braggast, en hafa verður í huga að ferðavilji gæti verið takmarkaður a.m.k. fyrst um sinn og því miklar líkur til þess að hjól atvinnulífsins taki nokkurn tíma að fara á fullan snúning þegar sigur á veirunni vinnst.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur nú lokið kjarasamningsgerð við alla viðsemjendur sína að undanskildum samningi við tónlistarskólakennara sem er enn ólokið. Kjarasamningarnir eru allir í gildi á næsta ári og eru hækkanir á árinu í takt við lífsskjarasamningana, samið hefur verið um krónutöluhækkun á launataxta á árinu 2021.

Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 var undirritað í septemberlok 2020. Þar eru eftirfarandi markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga sett fram:

- Heildarafkoma A- hluta sveitarfélaga mun versna verulega. Reiknað er með að afkoman verði neikvæð um 1,1% af VLF árin 2020, 1,1% árið 2021 og 0,8% árið 2022.
- Skuldir A- hluta sveitarfélaga geti farið í 7,0% af landsframleiðslu árið 2020 og 8,3% árið 2022. Samkvæmt undirliggjandi horfum mun þurfa að grípa til afkomubætandi ráðstafana til að skuldir sveitarfélaga haldi ekki áfram að vaxa.
- Markmið fjármálaáætlunar er að stöðva hækkun skulda hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu fyrir árslok 2025. Þessi markmiðssetning tekur bæði til sveitarfélaga og ríkisins.

Í samkomulaginu er einnig að finna ákvæði um að ríki og sveitarfélög ætli að vinna að því í sameiningu að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga, regluverk Jöfnunarsjóðsins og endurmeta útgjöld vegna hjúkrunarþjónustu og annarrar þjónustu við aldraða. Og síðast en ekki síst vinna að greiningu á þróun kostnaðar við þjónustu fatlaðs fólks.

Í tengslum við ofangreint samkomulag gaf ríkissjórnin síðan út yfirlýsingu um aðgerðir sem miða að því að veita sveitarfélögum fjárhagslega viðspyrnu og til að verja lögbundna grunnþjónustu. Aðgerðirnar felast í eftirfarandi aðgerðum:

- 670 m.kr. aukaframlag til Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks til að vega upp á móti lægri framlögum til sjóðsins 2020.
- 720 m.kr. til að vega upp á móti hækkun útgjalda til fjárhagsaðstoðar 2020.
- 500 m.kr. til stuðnings sveitarfélögum sem standa höllum fæti vegna faraldursins.
- 935 m.kr. til stefnumörkunar um sjálfbærni sveitarfélaga. Hluti framlagsins verði veitt til umbóta á sviði stafrænna lausna hjá sveitarfélögum sem fara í sameiningarferli á næstu tveimur árum.
- 1.500 m.kr. úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs verði varið 2020 og 2021 til að vega upp á móti lækku tekju- og útgjaldaframlaga.
- 400 m.kr. verði veitt til atvinnuskapandi verkefna til fimm sveitarfélaga á Suðurnesjum og einu á Norðurlandi eystra.

Einnig nýtast eftirfarandi almennar ráðstafnir ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir framlengingu lífsskjarasamninga sveitarfélaga:

- 480 m.kr. er áætlað í lækku launatengdra gjalda sveitarfélaga vegna tímabundinnar lækkunar tryggingagjalds sem koma á til móts við launahækkunir sem koma til framkvæmda í byrjun árs 2020.
- Átakið **Allir vinna** verður framlengt út árið 2021, en með því fá m.a. sveitarfélög endurgreiddan virðisaukaskatt af launakostnaði í ákveðnum fjárfestingum.

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2021 eru:

Að niðurstaða fjárhagsáætlunar sýni jákvæða afkomu að því gefnu að helstu hagstærðir þróist ekki á verri veg, hagræðing gangi eftir og stuðningur ríkisins verði áþreifanlegur.

Að skuldahlutfall fari ekki upp fyrir 110% árið 2021.

Að ekki verði dregið úr grunnþjónustu vegna samdráttar skatttekna.

Að útsvarshlutfall verði áfram 13,7%.

Að álögum á íbúa verði haldið eins lágum og kostur er.

Að ítrasta aðhalds verði gætt í rekstri bæjarins.

Að áfram verði unnið að því að hrinda í framkvæmd tillögum og ábendingum sem koma fram í skýrslu Haraldar Línal Haraldssonar um rekstur Garðabæjar.

Að bæjarbúum sé gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við fjárhagsáætlun og fjármagni veitt á framkvæmdayfirliti til að bregðast við ábendingum. Áfram verður unnið að því að hrinda í framkvæmd þeim atriðum sem lýðræðisverkefnið *Betri Garðabær* hleypti af stokkunum um mitt ár 2019.

Að þjónusta við bæjarbúa verði eins og best verður á kosið.

Samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta bæjarsjóðs verði neikvæður um 499 m.kr.- og samstæðureiknings um 71 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað að verði 1.098 m.kr. hjá A sjóði og 1.654 m.kr. í samstæðureikningi. Framlegð er áætluð 9,5% en er 11,5% samkvæmt áætlun 2020.

Fjárhagsstaða Garðabæjar er sterk, skuldir eru hóflegar og langt undir viðmiðunarmörkum samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að skuldir megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldahlutfall var 103,9% skv. ársreikningi Garðabæjar árið 2019, en er áætlað 118,7% skv. fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021. Áætlun fyrir árið 2020 gerir ráð fyrir að skuldahlutfallið verði 103,5%. Skuldaviðmið er áætlað að verði 88,3%. Framkvæmdir eru áætlaðar 3.584 millj. árið 2021 en voru áætlaðar 3.028 millj. árið 2020.


2. Skatttekjur

Útsvar Áætlaðar útsvarstekjur eru 11.623 mkr og hækka um 5,9% miðað við fjárhagsáætlun ársins 2020. Við gerð áætlunarinnar er byggt á útgönguspá 2020 og tekið er tillit til launapróunar og íbúafjölgunar.


Fasteignagjöld Gert er ráð fyrir að álagningarhlutföll fasteignagjalda verði þau sömu og þau voru á árinu 2020. Tekjur af fasteignagjöldum hækka um 3,9% milli ára. Nokkur fjölgun er á eignum.

Jöfnunarsjóður Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Garðabæjar nemi um 1.096 mkr. á árinu 2021 en var áætlað 1.004 mkr. 2020. Hækkunin er um 9%. Skoða þarf betur framlög vegna málefna fatlaðs fólks milli umræðna, en frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að þau verði skert milli ára.


Skipting tekna 2021



Dróun rekstrartekna



Skipting málaflokka sem hlutfall tekna 2021



3. Rekstur málaflokka

3.1. Almenn útgjöld

Launakostnaður

Launakostnaður nemur samtals 8.118 mkr. árið 2021 í A- sjóði sem er 11% hækkun frá niðurstöðu ársreiknings 2019. Í samstæðureikningi er gert ráð fyrir að launakostnaður verði 8.212 mkr. og hækkar um 861 mkr. frá ársreikningi 2019.

Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður aukist vegna vinnutímastyttingar sem tekur gildi á næsta ári, en skýrt er tekið fram í kjarasamningum að breytingin eigi ekki að hafa í för með sér kostnaðarhækkunir. Unnið er að útfærslu vinnutímastyttingar skv. ákvæðum kjarasamninga og vinnuferla þar um. Ekki er gert ráð fyrir hækkun vegna aukins undirbúningstíma leikskólakennara skv. nýgerðum kjarasamningi, en unnið er að útfærslu ákvæðisins. Komi til hækkana vegna ofangreindra ákvæða í kjarasamningum er gert ráð fyrir að fjármagn verði tekið af varasjóði sem er áætlaður 200 m.kr. á árinu 2021.

Rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður samstæðureiknings er áætlaður 7.228 mkr. og hækkar um 5,9 % milli ára. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 41,5% af tekjum á árinu 2021 en er áætlaður 38,7% af tekjum skv. útkomuspá 2020. Annar rekstrarkostnaður nam 39,3% skv. ársreikningi 2019.

Undir annan rekstrarkostnað falla liðir sem eru að hækka mikið milli ára eins og framlög til byggðasamlaga, kostnaður tölvudeildar, námsvistargjöld, skammtí mavistun fatlaðra, greiðslur til einkarekinna skóla og vorhreinsun lóða.

Hér á eftir er gerð grein fyrir rekstri einstakra málaflokka og helstu stærðum. Í samanburði við fyrra ár er miðað við upphaflega áætlun 2020 með viðaukum sem samþykktir hafa verið í bæjarstjórn.

3.2. Fjölskyldusvið


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld til fjölskyldusviðs verði 2.367 mkr. og hækki um 13% miðað við upphaflega fjárhagsáætlun 2020. Kostnaður vegna málaflokks fatlaðs fólks nemur 1.409 m.kr. eða um 59% af fjármagni fjölskyldusviðs og hefur hækkað mikið á síðustu árum vegna aukinnar þjónustu við fatlað fólk. Fjárframlög Jöfnunarsjóðs hafa ekki fylgt þessari þróun síðustu ára. Hjúkrunarheimilið Ísafold og dagþjónusta sem rekin er í sama húsi eru ekki lengur rekin af Garðabæ en Hrafnista annast reksturinn skv. samningi þar um. Viðauki við samning bæjarins við Hrafnistu var samþykktur haustið 2020 og gildir fyrir árið 2021. Verkefni fjölskyldusviðs hafa vaxið mikið undanfarin ár m.a. með yfirtöku sveitarfélaga á málafokki fatlaðs fólks. Mikil hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði vegna þjónustu við fatlað fólk á síðustu árum. Til að styrkja starf fjölskyldusviðs var á árinu 2018 ákveðið að bæta við fagmenntuðum starfsmanni til að efla þjónustu við fatlað fólk og við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 var samþykkt að bæta við tveimur stöðugildum til að sinna auknum verkefnum á sviði barnaverndar. Stöðugildi sérfræðinga á skrifstofu fjölskyldusviðs eru nú 10.


Á árinu 2019 var tekin í notkun nýr búsetukjarni fyrir fatlað fólk og búa þar 6 einstaklingar í sjálfstæðri búsetu. Stefnt er að því að byggja tvo nýja búsetukjarna á næstu tveimur árum sbr. framlagða framkvæmdaáætlun. Jafnhliða verður eldri sambýlum fækkað.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að bæta aðstöðu fyrir félags- og tómstundastarf eldri borgara með nýrri aðstöðu á miðsvæði Álftaness auk sem sem gert er ráð fyrir að unnið verði að stækkun félagsaðstöðu eldri borgara í Jónshúsi.

Kostnaður við starfsemi fjölskyldusviðs nam 1.536 mkr. árið 2017, en er áætlaður 2.367 mkr. árið 2021 sem er 54% hækkun á 5 árum. Skatttekjur hafa hækkað á sama tímabili um 24,4%.

Skipting útgjaldaliða félagsþjónustu 2021






3.3. Fræðslumál


Til fræðslu- og uppeldismála er gert ráð fyrir að verja um 8.715 mkr. á árinu 2021 sem er um 6,9% hækkun milli ára eða um 562 mkr. Hækkun frá upphaflegri áætlun 2020 er 12,5%.

Skólaskrifstofa

Kostnaður vegna skólaskrifstofu er áætlaður 324 m.kr. sem er lækkun um 14,1% milli ára. Á skólaskrifstofu er gert ráð fyrir 5 mkr. vegna samstarfs við Klifið til að efla fræðslustarf fyrir skólasamfélagið og fullorðinsfræðslu. Gert er ráð fyrir 14 mkr. til þróunarsjóðs grunnskóla og 4 mkr. til þróunarsjóðs leikskóla. Fjárveiting til að mæta langtímaforföllum í skólum er áætluð 30 mkr., sem er 5 mkr. hækkun frá fyrra ári. Einnig er gert ráð fyrir 12 mkr. til skólaaksturs í Urriðaholtsskóla.

Skipting kostnaðar vegna fræðslusviðs 2021





Leikskólar

Til reksturs leikskólamála er áætlað að verja um 2.877 mkr. sem er um 9,6 % hækkun milli ára. Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil áhersla á að bjóða öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskóladvöl sem hefur haft þau áhrif að fjárveitingar til leikskólamála hafa hækkað en niðurgreiðslur til dagforeldra hafa lækkað þar sem færri börn eru nú hjá dagforeldrum.

Helstu breytingar á leikskólaumhverfinu er umtalsverð fjölgun leikskólabarna í Urriðaholtsskóla, en þar er áætlað að um 220 leikskólabörn séu við nám á næsta skólaári.

Á árinu 2020 var unnið að endurbótum á lóðum á Lundabóli, Bæjarbóli og Krakkakoti til að mæta þörfum yngstu barnanna. Einnig er verið að ljúka við að setja hita í gólf og bæta skiptiaðstöðu á Hæðarbóli og hafa þá allir leikskólar bæjarins fengið slíka aðstöðu. Á Bæjarbóli er unnið að uppsetningu á nýju eldhúsi, sem tekið verður í notkun innan skamms.

Markvisst hefur verið unnið að endurbótum á húsnæði leikskólanna og tekið er tillit til þess að skólarnir eru nú að taka við yngri börnum en áður. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að endurnýja lóðir leikskólanna. Tveir af eldri leikskólum bæjarins hafa verið teknir til gagngerrar endurnýjunar með viðbyggingum, þ.e. Lundaból og Kirkjuból. Áfram verður markvisst unnið að endurbótum á leikskólunum og lóðum skólanna.

Til viðhalds leikskólanna í eignasjóði er áætlað að verja 33,7 mkr. sem er 8% hækkun frá fyrra ári.

Leikskólar í Garðabæ hvort sem þeir eru bæjarreknir eða sjálfstætt starfandi bjóða börnum dvöl frá 12 mánaða aldri fyrir utan Sunnuhvol sem er rekinn sem ungarnaleikskóli. Breyting hefur orðið á rekstrarumhverfi leikskólanna þar sem mun yngri börn hefja nú dvöl og er innritun 2019 árgangsins að ljúka nú um áramótin.

Fjöldi barna í leikskólum sem þegar er innritaður er eftirfarandi:

Leikskóli	Fjöldi barna				
	5 ára	4 ára	3 ára	2 ára	1 árs
Akrar	19	24	25	15	7
Ásar	0	16	21	23	26
Barnaskóli Hjallastefnunnar	40	0	0	0	0
Bæjarból	12	18	13	20	13
Flataskóli leikskóladeild	19	5	0	0	0
Hnoðraholt	0	19	20	35	20
Holtakot	20	14	7	13	6
Hæðarból	8	20	13	9	4
Kirkjuból	13	10	10	16	10
Krakkakot	16	21	17	24	13
Litlu Ásar	0	14	13	13	13
Lundaból	13	8	15	13	15
Sjáland	19	19	17	30	26
Urriðaholtsskóli	25	30	40	36	23
Sunnuhvoll	0	0	0	0	27
Samtals	204	218	211	247	203

Fjöldi barna í leikskólum Garðabæjar þann 1. október 2020 var 1.083 þar af eru um 357 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Leikskólar Garðabæjar hafa góðan aðgang að sérfræðipjónustu fyrir börn sem þurfa stuðning og hefur verið lögð mikil áhersla á snemmtæka íhlutun.

Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir óbreyttum opnunartíma leikskóla sem eru opnir virka daga frá kl. 7:30 – 17:00. Einnig eru allir leikskólar í Garðabæ opnir alla sumarmánuði og er Garðabær eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem býður slíka þjónustu.

Gert er ráð fyrir að byggingaframkvæmdir við nýjan leikskóla í Urriðaholti hefjist á árinu 2021 og undirbúnings- og hönnunarvinna við byggingu annars nýs leikskóla í Garðabæ hefjist á árinu 2023.

Fjöldi leikskólabarna í Garðabæ síðustu 5 árin hafa verið:

2016 - 2017 890 börn

2017 - 2018 896 börn

2018 - 2019 992 börn


2019 - 2020 1.200 börn

2020 - 2021 1.083 börn


Sjálfstætt starfandi leikskólar

Sjálfstætt starfandi leikskólar eru reknir samkvæmt samningum við Garðabæ þar sem kveðið er á um að skólastarf sé í samræmi við lög um leikskóla og jafnframt eru ákvæði um eftirlitsþátt Garðabæjar með starfseminni. Launabáttur samninganna fylgir breytingum samkvæmt kjarasamningum en annar rekstrarkostnaður er verðbættur. Unnið er að endurnýjun allra samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla og er stefnt að því ljúki í byrjun árs 2021. Fjöldi leikskólabarna í sjálfstætt starfandi leikskólum í Garðabæ er 357.


Skipting kostnaðar milli mismunandi rekstrarforma á leikskólastigi 2021



Einkareknir leikskólar 2021



Bæjarreknir leikskólar 2021



Grunnskólar

Áætlað er að verja um 5.130 mkr. til grunnskólamála á árinu 2021. Um er að ræða hækkun milli ára að fjárhæð 477 mkr. eða 10,2%. Rekstrarfé grunnskóla er reiknað skv. skólavísi og er fjöldi nemenda 1. október 2020 lagður til grundvallar. Í heildina fjölgaði grunnskólanemendum í grunnskólum sem reknir eru af Garðabæ einungis um 6 börn milli vor- og haustanna 2020. Haustið 2016 var miðstig Barnaskóla Hjallastefnunnar lagt niður með þeim áhrifum að nemendum í 5.–7. bekk í öðrum skólum Garðabæjar fjölgaði og var fjölgunin mest í Flataskóla. Barnaskóli Hjallastefnunnar bauð aftur upp á nám á miðstigi frá haustinu 2019. Haustið 2020 voru nemendur á miðstigi skólans 32 þar af 15 í 5. bekk og 17 í 6. bekk. Heildarfjöldi grunnskólanemenda í skólanum var á sama tíma 105 og hafði fjölgað um 25 milli skólaára. Nemendur í Alþjóðaskólanum voru við upphaf yfirstandandi skólaárs 97.

Í eignasjóði er fjárveiting að fjárhæð 135 mkr. til viðhalds húsnæðis grunnskólanna sem er óbreytt fjárhæð frá árinu 2020. Til þess að mæta óskum skólanna um aukið viðhald er á framkvæmdayfirliti fjárveiting að fjárhæð 100 mkr til meiriháttar endurbóta á grunnskólahúsnæði. Auk þess sem áætlað er að verja 50 m.kr. til endurbóta á skólalóðum. Einnig er á framkvæmdayfirliti gert ráð fyrir að 50 millj. verði varið til hefja undirbúning að næsta áfanga Urriðaholtsskóla og 2.300 mkr. á árunum 2022 – 2024.

Heildarfjöldi grunnskólabarna hefur verið eftirfarandi í Garðabæ frá 2015.


2015 – 2016	2.316 börn	fjölgun frá fyrra ári 140 börn
2016 - 2017	2.446 börn	fjölgun frá fyrra ári 130 börn
2017 - 2018	2.429 börn	fækkun frá fyrra ári 17 börn
2018 – 2019	2.437 börn	fjölgun frá fyrra ári 8 börn
2019 – 2020	2.505 börn	fjölgun frá fyrra ári 68 börn
2020 – 2021	2.535 börn	fjölgun um 30 börn

Fjölgun grunnskólabarna á síðustu 6 árum er 219 börn.

Samanburður nemendafjölda í grunnskólum Garðabæjar milli skólaára.

	2018-2019	2019-2020	2020-2021	breyting 18/20
Flataskóli	474	448	441	-33
Garðaskóli	535	521	540	+ 5
Hofsstaðaskóli	578	585	573	- 5
Sjálandsskóli	279	304	269	- 10
Álftanesskóli	400	411	417	+7
Urriðaholtsskóli	22	54	89	+67

Skipting kostnaðar vegna grunnskólareksturs 2021



Frístundaheimili grunnskóla

Kostnaður við starfsemi frístundaheimilanna er áætlaður 107,4 mkr. Auk þess sem Garðabær greiðir 8 mkr. til annarra sveitarfélaga vegna vistunar barna á frístundaheimilum sérskóla. Kostnaður frístundaheimilanna er fyrst og fremst launakostnaður og ræðst fjöldi starfsmanna af fjölda barna. Á árinu 2020 kom til verulegra endurgreiðsla þjónustugjalda vegna skertrar þjónustu af völdum Covid-19 og er óvissa á næsta ári vegna þróunar mála varðandi heimsfaraldurinn.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að gjaldskrá frístundaheimilanna hækki um 2,5%.

Tónlistarskóli

Fjárveiting til Tónlistarskóla Garðabæjar nemur 309 mkr. sem er 4,7% hækkun frá fyrra ári. Nemendafjöldi er áætlaður svipaður og verið hefur. Nemendur við Tónlistarskóla Garðabæjar eru 495 skólaárið 2020-2021. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 var bætt við hálfu stöðugildi kennara til að mæta aukinni eftirspurn eftir skólavist. Tónlistarskólinn hefur í vaxandi mæli nýtt húsnæði grunnskólanna til kennslu nemenda, sem er til mikilla þæginda fyrir nemendur, en starfsstöðvar skólans eru þó einkum í eigin húsnæði við Kirkjulund og húsnæði sem skólinn hefur til afnota í Álftanesskóla. Á Álftanesi eru 100 nemendur.

Námsvistargjöld

Í gildi er samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu námsvistargjalda í grunnskólum og leikskólum. Gert er ráð fyrir að námsvistargjöld umfram innheimt gjöld til Garðabæjar nemi um 182 mkr. vegna leik- og grunnskóla en er áætlað 142 mkr. árið 2020. Greidd námsvistargjöld eru einkum vegna barna í sérskólum í Reykjavík og hefur gjaldskrá Reykjavíkurborgar vegna barna í Klettaskóla hækkað umtalsvert auk þess sem börnum frá Garðabæ í skólanum hefur fjölgað. Að auki er áætlað að framlag Garðabæjar vegna tónlistarnáms barna í öðrum sveitarfélögum verði 16 mkr. á árinu 2021 sem er sama fjárhæð og á árinu 2020.

Einkareknir grunnskólar

Framlag til einkarekinna grunnskóla er lögbundið og er skólunum greitt skv. gildandi samningum en í undirbúningi er að endurskoða þá á árinu 2021. Fjárveiting til einkarekinna skóla árið 2021 er 263 mkr. sem er hækkun um 34 mkr. frá áætlun 2020.

3.4. Menningarmál

Fjárveiting til menningarmála er 251 mkr. sem er hækkun um 7mk. frá árinu 2020.

Fjárveiting til Bókasafns Garðabæjar nemur 101 mkr. og hækkar um 4,1 % milli ára. Rekstrarkostnaður Hönnunarsafns Íslands er áætlaður 68 mkr. og hækkar um 4,6 %. Framlag ríkisins til safnsins er áætlað 18 mkr.

Á árinu 2021 er ráðgert að halda mánaðarlega fjölskylduviðburði í formi skapandi smíðu á Hönnunarsafni Íslands, bókmenntatengdum viðburðum og föndri á Bókasafni Garðabæjar og tónlistarviðburðum í Kirkjuhvoli og Tónlistarskóla Garðabæjar. Fjölskylduviðburðir á aðventu verða einnig á dagskrá bæði utanhúss og í menningarstofnunum bæjarins.

Leiðsagnir og fyrirlestrar tengdir sýningum og starfsemi Hönnunarsafns munu verða fastir viðburðir. Þá er ráðgert að efla tónleikaröðina Þriðjudagsklassík og Jazzhátíð Garðabæjar.


Garðabær mun taka þátt í Vetrarhátíð sem samanstendur af Safnanótt og Sundlauganótt og munu ljós og vörpun listaverka verða í forgrunni.

Ráðgert er að Barnamenningarhátíð verði haldin í apríl og verði árlegur viðburður.

Áframhaldandi samstarf verður við Grósku, samtök myndlistarmanna í Garðabæ, um Jónsmessugleði á Sjúalandi og sýningar á Garðatorgi. Þá er gert ráð fyrir því að Garðabær komi að viðburði í tengslum við 20 ára afmæli Kvennakórs Garðabæjar.

Sumarfjör á Garðatorgi verður ný röð viðburða með tónlistarflutningi og öðrum uppákomum.

Þá verður einnig lögð áhersla á að efla skipulagða dagskrá fyrir skólahópa með þátttöku nemenda af öllum skólastigum.





3.5. Æskulýðs- og íþróttamál

Útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála eru áætluð 2.121 mkr. og lækka útgjöld til málaflokksins um 55 mkr. frá árinu 2020. Lækkunin er til komin vegna lægri framlaga til GKG og hestamannafélaga til byggingaframkvæmda félaganna. Þá hefur það áhrif til lækkunar að 19. júní sjóður var leystur upp á árinu 2020. Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttahúsanna við Ásgarð, á Álftanesi, í Mýrinni og Sjálandsskóla. Samtals nemur rekstur þessara mannvirkja 924 mkr.


Áætlað er að rekstur félagsmiðstöðvanna Garðalundar í Garðaskóla, Klakans í Sjálandsskóla og Elítunnar í Álftanesskóla nemi 118 mkr. og hækkar um 7 mkr. milli ára eða um 5,3 %.

Fjárveiting til þjónustusamninga vegna barna- og unglingastarfs er áætluð um 34 mkr. Framlög styrkja vegna hvatapeninga er 137 mkr. og nema hvatapeningar fyrir hvert barn kr. 50.000.

Til viðhalds íþróttamannvirkja er áætlað að verja 73 mkr. Á framkvæmdayfirliti ársins 2021 er fjárveiting til uppbyggingar íþróttamannvirkja 2.100 mkr. Meginhluti eða 2.000 mkr. til byggingar fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri. Til endurnýjunar íþróttavalla eru 60 mkr. og til endurbóta í Mýrinni 40 mkr.


Framlög til íþróttafélaga eru áætluð samkvæmt gildandi samningum við félögin.

Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2021



Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2021


Þús.kr.



3.6. Brunamál og almannavarnir

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna nema samtals 156 mkr. en voru 126 mkr. árið 2020. Hækkunin nemur um 24%. Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir hækkun sem nemur 26% frá fyrra ári. Hækkunin er einkum vegna hækkana á launakostnaði. Framlag til sjóvarnargarða er 1 mkr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir á Álftanesi.

Brunamál - skipting kostnaðar 2021



3.7. Hreinlætismál


Nettó kostnaður til hreinlætismála nemur 53 mkr. árið 2021 en var áætlaður 103 mkr. árið 2020. Meginhluti útgjalda þessa málaflokks er kostnaður við sorphirðu, gjöld til Sorpu bs. og rekstur gáma- og grenndarstöðva. Sorphreinsun er greidd samkvæmt samningi við verktaka þar sem gert er ráð fyrir að sorp frá íbúðarhúsum sé hreinsað á 10 daga fresti. Kostnaður við sorphreinsun og gámastöðvar er áætlaður 223 mkr. en sorphreinsunargjöld eru áætluð 254 m.kr. Til sorpeyðingar og urðunarstaða er áætlað að verja 60 mkr. Í rekstraráætlun Sorpu kemur fram að magn sorps sem berst öllum starfsstöðvum Sorpu hefur aukist verulega síðustu ár og misseri. Stærstur hluti rekstrarkostnaðar Sorpu er beintengdur magni.

Kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits er áætlaður 9,5 mkr. skv. fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins og er færður í málaflokk 03 skv. nýlegum breytingum á bókhaldsreglum sveitarfélaga.

Í Garðabæ er pappír og plasti sérsafnað við hvert heimili. Pappírstunnur voru settar upp við hvert heimili í Garðabæ á árinu 2013 og hefur það verkefni gengið vel í alla staði hvort sem litið er til þjónustu eða kostnaðar. Byrjað var að sérsafna plasti við heimili árið 2018. Plastið sem safnast á heimilum er sett í poka og í orkutunnuna og því hefur ekki þurft að breyta hirðutiðninni. Frá árinu 2016 hefur verið unnið að því að koma upp grenndargámum í Garðabæ og er vinnu lokið við uppsetningu grenndargáma við Suðurnesveg og Norðurnesveg á Álftanesi, við Ásgarð, Hofstaðaskóla og Sjálandsskóla. Einnig eru tvær stöðvar í Urriðaholti og hafa því verið settar upp samtals sjö grenndargámastöðvar í Garðabæ.

Gert er ráð fyrir að sorphreinsunargjald verði 41.000 kr. á árinu 2021 en var 31.000 kr. á árinu 2020. Hækkunin er ætluð til að standa undir sem mestum kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu.

Hreinlætismál - skipting kostnaðar 2021



3.8. Skipulags- og byggingarmál


Heildarframlög til skipulags- og byggingarmála nema samtals um 286 mkr. sem er hækkun um 6,3 % milli ára. Gert er ráð fyrir að verja um 88,7 mkr. til deiliskipulags, aðalskipulags og svæðaskipulags samanbórið við 83,3 m.kr. árið 2020.

Á árinu 2021 verður unnið að gerð skipulagsáætlana fyrir norðurnes Álfthaness og áfram unnið að frágangi skipulagsáætlana á svæði við Vífilsstaði, þróunarsvæði B, og Urriðaholti.

Byggingarleyfi - nýbyggingar 2016-2020

	2016	2017	2018	2019	2020	Samtals
Einbýlishús	15	35	26	13	18	107
Rað/parhús	32	48	32	24	31	167
Fjölbýli	284	214	242	110	173	1023
Atvinnuhúsnæði			1	3	2	6
	331	297	301	150	224	1303

Skipulags- og byggingarmál - skipting kostnaðar 2021



3.9. Umferðar- og samgöngumál

Fjárveiting til umferðar- og samgöngumála er áætluð 1.281 mkr. árið 2021 og er um 109 mkr. hækkun að ræða eða 9,2%. Undir málaflokkinn fellur viðhald gatna- og göngustígakerfis bæjarins, snjómokstur og götulýsing auk fjárframlags til reksturs Strætó bs. Viðhald gatna, stíga og gangstétta er hækkað úr 74,6 mkr. í 77,0 mkr., gatnahreinsun hækkar úr 29,1 mkr. í 30,0 mkr. og framlög til Strætó bs. hækka úr 301 mkr. í 317 mkr. eða um 5% (auk þess nemur framlag vegna afsláttar til öryrkja og aldraðra 11 mkr. sem er fært á fjölskyldusvið).

Rétt er að nefna að ef gerðar verða breytingar á akstri Strætó innan bæjarmarka getur skipting á rekstrarframlaginu breyst á milli eigenda. Einnig er rétt að vekja athygli á því að nema- og öryrkjaframlagið tekur mið af seldum fargjöldum til þessara hópa og getur því tekið einhverjum breytingum. Unnið hefur verið markvisst að því að styrkja innviði fyrir aðra ferðamáta en bílinn til að auka hlutdeild vistvænna samgangna. Frá árinu 2018 hefur verið unnið markvisst að því að fjölga strætóskýlum í Garðabæ og áfram er stefnt að fjölgun biðskýla með fjárveitingu á framkvæmdayfirliti að fjárhæð 10 mkr. á árinu 2021. Einnig hefur verið unnið að því að bæta hjólaaðstöðu og verður áfram unnið að því verkefni. Á framkvæmdayfirliti er fjárveiting að fjárhæð 5 mkr. sem ætlað er til að bæta aðstöðu hjólreiðamanna á næsta ári. Þá er fyrirhugað að fjölga rafhleðslustöðvum fyrir rafbíla og er 10 mkr. fjárveiting á framkvæmdayfirliti ætlað til þess.


Til snjómoksturs og hálkueyðingar er áætlað að verja 100 mkr. og til götulýsingar 79 mkr.

Íslenska ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu samkomulag í sept. 2019 um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára. Markmið samkomulagsins er:

- Að stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu.
- Að stuðla að því að loftlagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnislaust borgarsamfélag verði náð.
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi.

Garðabær greiðir 71,5 mkr. á árinu 2021 til verkefnisins sem fært er á framkvæmdayfirlit.

Umferðar- og samgöngumál - skipting kostnaðar 2021




3.10. Umhverfismál

Heildarframlag til umhverfismála er áætlað 436 mkr. en upphafleg áætlun 2020 gerði ráð fyrir 397 mkr. eða hækkun um 9,8%. Gert er ráð fyrir að framlag til sumarvinnu ungs fólks verði 155 mkr. á árinu 2021 og verður afstaða tekin til aukafjárveitingar þegar ljóst verður með vorinu hvernig atvinnuhorfur ungs fólks verður háttað. Til garðyrkjudeildar er áætlað að verja 29,7 mkr. Kostnaður við slátt og hirðingu opinna svæða hækkar um 10 mkr. eða 7,6%.

Tækni- og umhverfissvið hefur bent á þörfina fyrir auknu fjármagni vegna nýrra hverfa og svæða í bænum sem þurfa umhirðu og í því sambandi er rétt að benda á að fjármagn til málaflokksins hefur hækkað um 29% á síðustu fimm árum.

Umhverfismál - skipting kostnaðar 2021



3.11. Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður verði 1.003 mkr. á árinu 2021 en var 978 mkr. árið 2020. Hækkunin nemur 2,5%. Meginhluti kostnaðar til þessa málaflokks er vegna starfsemi bæjarskrifstofu eða 420 mkr. sem er 2% hækkun milli ára.

Áætlaður kostnaður vegna lífeyrisskuldbindinga hækkar úr 280 mkr. í 295 mkr., sem er 5% hækkun.

Hlutdeild bæjarins í innheimtukostnaði staðgreiðslu útsvars sem greiddur er ríkinu er áætlaður 58 mkr. árið 2021 en var 58 mkr. árið 2020.

Kostnaður vegna tölvumála er 314 mkr. sem eru 12,5% hækkun og er kostnaðurinn allur gjaldfærður hjá stofnunum bæjarins í hlutfalli við fjölda tölva á hverjum stað og fjölda stöðugilda. Vaxandi kröfur eru gerðar til öryggismála og er kappkostað að sinna þeim þáttum eins og kostur er.



3.12. Fjármagnsliðir – fjármunatekjur - fjármagnsgjöld

Vaxta- og verðbótagjöld af langtímaskuldum eru áætluð 653 mkr.

Gert er ráð fyrir um 3,5% verðbólgu sem er tæplega einu prósentu umfram þjóðhagsspá. Reynsla hefur sýnt að þjóðhagsspár um verðlagsþróun hafa ekki alltaf staðist.

Afskriftir eru áætlaðar 1.042 mkr. 2021, en eru áætlaðar 985 mkr. árið 2020.

4. Aðrir sjóðir í A-hluta

4.1. Eignasjóður

Rekstur eignasjóðs samanstendur af rekstri fasteigna. Tekjur eru reiknuð innri leiga sem er tekjufærð á eignasjóð og gjaldfærð á rekstur málaflokka. Gjöld eru fasteignagjöld, öryggisgæsla stofnana, húsa- og brunatryggingar, afskriftir og viðhald fasteigna og lóða. Einnig eru verðbóta- og vaxtagjöld af langtímaskuldum og vaxtagjöld til eigin fyrirtækja færð á eignasjóð. Þar er einnig varasjóður sem svo er færður á málaflokka með viðaukum ársins.

Launakostnaður umsjónarmanns fasteigna er einnig færður á eignasjóð.

Tekjur eignasjóðs nema samtals 3.570 m.kr. og gjöld að meðtöldum afskriftum 1.687 mkr.

Fjárveiting til viðhalds stofnana í A og B sjóði er áætluð um 316,9 mkr. á árinu 2021 en var áætluð 314,9 mkr. árið 2020 og hækkar um 2 mkr. milli ára. Tækni- og umhverfissvið hefur lagt fram greinargóðar upplýsingar um viðhaldsáætlun fasteigna og viðhaldspörf næstu árin.

Fjármagnsliðir eignasjóðs eru áætlaðir 1.101 mkr. að meðtöldum innri lánnum og skammtímaskuldum eignasjóðs við aðalsjóð sem hafa verið reiknuð í samráði við ábendingar endurskoðanda Garðabæjar og vextir lækkaðir í 1,5% vegna almennrar vaxtalækkunar á síðustu misserum.

Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir 200 mkr. varasjóði til að mæta ófyrirséðum útgjöldum á árinu.

4.2. Þjónustumiðstöð

Gert er ráð fyrir að til reksturs þjónustumiðstöðvar verði varið um 19,3 mkr. Þar af er rekstur þjónustumiðstöðvar 7,7 mkr. Þjónustumiðstöðin þjónustar m.a. stofnanir bæjarins og er sú vinna seld út skv. tímaskrift útseldrar vinnu. Til reksturs þjónustumiðstöðvarinnar telst einnig rekstur á bílum og tækjum þjónustumiðstöðvarinnar. Á síðustu árum var gert stóráttak í endurnýjun tækja þjónustumiðstöðvarinnar. Húsnæði þjónustumiðstöðvar hefur bæði verið stækkað með leigu á efri hæð og aðstöðu í Lyngási 18.

5. Sjóðir í B-hluta

5.1. Garðahús

Heildarútgjöld vegna Garðahúsa eða félagsíbúða eru áætluð 14 mkr. árið 2021 eða um það bil sama upphæð og á árinu 2020. Gert er ráð fyrir að húsaleiga verði hækkuð til samræmis við nágrannasveitarfélög í áföngum og hætt verði millifærslu að fjárhæð um 9 mkr. til Garðahúsa frá fjölskyldusviði sem hefur verið gjaldfærð sem félagsleg aðstoð við leigjendur hjá fjölskyldusviði.

5.2. Samveitur

Jákvæð niðurstaða samveitna er 319 mkr. samanborið við 294 mkr. árið 2020. Álagningarhlutfall vatnsgjalds og holræsagjalda er óbreytt. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir 300 mkr. framkvæmdum vegna veitna á árinu 2021. Vegna þjónustu áhaldahúss/þjónustumiðstöðvar við veitur eru nú gjaldfærðar 55 mkr.

5.3. Rekstur fasteignarinnar - Strikið 3

Rekstur fasteignarinnar Strikið 3 gerir ráð fyrir að skila 123 mkr. tekjuafgangi vegna samnings við ríkið um svokallaða leiguleið sem farin var vegna byggingar hjúkrunarheimilisins.

Hjúkrunarheimilið Ísafold er ekki lengur B-deildarfyrirtæki þar sem reksturinn er á vegum Hrafnistu skv. samningi þar um. Gengið hefur verið frá skuld milli A og B sjóða vegna hallareksturs hjúkrunarheimilisins fyrir þau ár sem reksturinn var á vegum Garðabæjar sbr. viðauka sem samþykktur var í bæjarstjórn á árinu 2020.

Framkvæmdir

Á árinu 2021 er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 3.544 mkr. Gert er ráð fyrir heimild til lántöku að fjárhæð 3.800 mkr. sbr. sjóðsstreymisýfirlit og niðurgreiðslu lána að fjárhæð 1.379 mkr.

Til gatnagerðar, hljóðvistar, umferðarmála er áætlað að verja um 1.001 mkr. Gert er ráð fyrir 850 mkr. tekjum af gatnagerðargjöldum.

Til skólabygginga er áætlað að verja um 100 mkr.

Til endurbóta á skólalóðum er áætlað að verja 100 mkr.

Til byggingar nýs leikskóla í Urriðaholti er áætlað að verja 140 mkr.

Til Urriðaholtsskóla er áætlað að verja 50 mkr.

Til endurnýjunar íþróttavalla er áætlað að verja 60 mkr.

Til endurbóta á íþróttahúsi í Mýrinni 40 mkr.

Til fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri er áætlað að verja 2.000 mkr.

Til búsetuúrræða fyrir fatlaða 200 mkr.

Til bættis aðgengis fatlaðra er áætlað að verja 20 mkr.

Til félagsmiðstöðva eldri borgara 100 mkr.

Til bókasafns 30 mkr.

Til minjagarðs á Hofsstöðum 50 mkr.

Til opinna leik- og útivistarsvæða 100 mkr.

Til strætóskýla 10 mkr. og til hjólaaðstöðu 5 mkr.

Til hleðslustöðvar 10 mkr.

Til lýðræðisverkefna 50 mkr.

Til ýmiss búnaðar er áætlað að verja 128 mkr.


Til samveitna er áætlað að verja 300 mkr.

6. Þriggja ára áætlun 2022-2024

Áætlun fyrir árin 2022-2024 (þriggja ára áætlun) er gerð á föstu verðlagi. Gert er ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli útsvars 13,7%, sem er það lægsta sem þekkist meðal stærri sveitarfélaga landsins. Ekki er lagt mat á verðlagsbreytingar milli ára. Hins vegar er gert ráð fyrir hóflegri íbúafjölgun eða um 3% árin 2022 – 2024. Vegna íbúafjölgunarinnar er gert ráð fyrir að skatttekjur og aðrar tekjur aukist með fjölgun íbúa.

Gert er ráð fyrir um 457-627 mkr. hækkun launa- og rekstrarútgjalda vegna aukinnar þjónustu samfara íbúafjölgun. Lán eru reiknuð af núverandi lánaskrá og greidd niður skv. skilmálum um afborganir. Gert er ráð fyrir lántökum að fjárhæð 2.800 mkr. árið 2022, 1.600 mkr. árin 2023, 1.200 mkr. árið 2024. Lögð er áhersla á að veita eins góða þjónustu og kostur er og viðhalda áframhaldandi háu ánægjustigi íbúa með góðri þjónustu bæjarins á öllum sviðum.

Rekstrarjöfnuður / jafnvægisregla



Íbúafjöldi í Garðabæ síðustu 5 ár

2016	15.250 íbúar
2017	15.700 íbúar
2018	16.300 íbúar
2019	16.920 íbúar
2020	17.570 íbúar

Íbúum Garðabæjar hefur fjölgað mikið frá 2016 eða um 2.320 íbúa á 5 árum.

7. Lokaorð

Fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021 hefur verið unnin í samræmi við vinnuferla sem kynntir voru í bæjarráði við upphaf áætlunargerðar og í samræmi við þær forsendur sem lagt var upp með. Forstöðumenn stofnana hafa áætlað fyrir sínar deildir að gefnum ákveðnum ramma. Að þessu sinni er lítið um óskir frá forstöðumönnum um aukningu stöðugilda eða beiðnir um fjármagn til að hrinda óskum í framkvæmd. Vegna aðstæðna sem raktar hafa verið í inngangi greinargerðarinnar er ljóst að forstöðumenn gera sér grein fyrir þeim þrengingum í efnahagslífinu sem öllum má vera ljóst vegna Covid-19. Því hafa forstöðumenn frekar spurt „fæ ég að halda mínu á næsta ári, verður skorið niður í rekrstinum?“.


Leitað hefur verið til bæjarbúa með ábendingar eins og gert hefur verið frá árinu 2017. Það er mikið ánægjuefni hversu margir íbúar hafa brugðust við og lagt inn ýmsar ábendingar um það sem betur má fara eða leggja skuli áherslu á. Opið var fyrir íbúa að skila inn ábendingum á tímabilinu 23. september til 12. nóvember 2020. Allst bárust 41 ábending.

Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri nemi 9,5%. Eiginfjárhlutfall er áætlað að verði 0,47, veltufjárhlutfall 0,55 og framlegð 13,8%. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld nemi 47,2% af tekjum og annar rekstrarkostnaður 41,5%. Skuldir og skuldbindingar nemi samtals 20.658 millj. kr. og þar af langtímaskuldir við lánastofnanir 13.894 millj. kr. Skuldahlutfall nemur 118,7%, og verður 111,8% árið 2024. Skuldaviðmið nemur 88,3%.

Á milli umræðna gefst bæjarfulltrúum kostur á að rýna áætlunina og koma með ábendingar og breytingartillögur, svigrúm til viðbótarverkefna er lítið eins og niðurstaða rekstrar gefur til kynna.

Síðari umræða um fjárhagsáætlun verður 3. desember 2020.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið



Veltufé frá rekstri

